

REGLUGERÐ

um þvingunaraðgerðir varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Reglugerð þessi er sett til þess að framfylgja, eftir því sem við á:

- a. ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, sem eru settar á grundvelli 41. gr. VII. kafla stofnskrár Sameinuðu þjóðanna,
- b. ákvörðunum framkvæmdanefnda þess um þvingunaraðgerðir og/eða
- c. ákvæðum um þvingunaraðgerðir sem íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að framfylgja á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórna aðildarríkja Evrópusambandsins og Fríverslunarsamtaka Evrópu um pólitísk skoðanaskipti, sem er hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993.

Í þeim gerðum sem vitnað er til í 2. gr., og öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar, kemur fram um hvaða ályktanir öryggisráðsins og framkvæmdanefnda þess eða ályktanir Evrópusambandsins er að ræða, hverjar þær þvingunaraðgerðir eru sem koma eiga til framkvæmda og gegn hverjum þær beinast, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

2. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi gerðir Evrópusambandsins um þvingunaraðgerðir skulu öðlast gildi hér á landi með þeirri aðlögun sem getið er um í 3. gr.:

1. Ákvörðun ráðsins 2010/788/SSUÖ frá 20. desember 2010 um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó og niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 2008/369/SSUÖ, fylgiskjal 1.
 - 1.1 Ákvörðun ráðsins 2012/811/SSUÖ frá 20. desember 2012 um breytingu á ákvörðun 2010/788/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, fylgiskjal ~~2~~ 1.1.
 - 1.2 Ákvörðun ráðsins 2014/147/SSUÖ frá 17. mars 2014 um breytingu á ákvörðun 2010/788/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, fylgiskjal ~~3~~ 1.2.
 - 1.3 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/620 frá 20. apríl 2015 um breytingu á ákvörðun 2010/788/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, fylgiskjal ~~4~~ 1.3.
 - 1.4 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/1173 frá 18. júlí 2016 um breytingu á ákvörðun 2010/788/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, fylgiskjal 1.4.
 - 1.5 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/2231 frá 12. desember 2016 um breytingu á ákvörðun 2010/788/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, fylgiskjal 1.5.
 - 1.6 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/203 frá 6. febrúar 2017 um framkvæmd ákvörðunar 2010/788/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, fylgiskjal 1.6.
 - 1.7 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/399 frá 7. mars 2017 um framkvæmd ákvörðunar 2010/788/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, fylgiskjal 1.7.
 - 1.8 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/905 frá 29. maí 2017 um framkvæmd ákvörðunar 2010/788/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, fylgiskjal 1.8.
 - 1.9 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/1340 frá 17. júlí 2017 um breytingu á ákvörðun 2010/788/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, fylgiskjal 1.9.
 - 1.10 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2018/202 frá 9. febrúar 2018 um framkvæmd ákvörðunar 2010/788/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, sbr. fylgiskjal 1.10.
 - 1.11 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2018/569 frá 12. apríl 2018 um framkvæmd ákvörðunar 2010/788/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, sbr. fylgiskjal 1.11.

- 1.12 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2018/1940 frá 10. desember 2018 um breytingu á ákvörðun 2010/788/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, sbr. fylgiskjal 1.12.
- 1.13 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2019/2109 frá 9. desember 2019 um breytingu á ákvörðun 2010/788/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, sbr. fylgiskjal 1.13.
- 1.14 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2020/190 frá 12. febrúar 2020 um framkvæmd ákvörðunar 2010/788/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, sbr. fylgiskjal 1.14.
- 1.15 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2020/417 frá 19. mars 2020 um framkvæmd ákvörðunar 2010/788/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, sbr. fylgiskjal 1.15.
- 1.16 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2020/1509 frá 16. október 2020 um framkvæmd ákvörðunar 2010/788/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, sbr. fylgiskjal 1.16.
- 1.17 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2020/2033 frá 10. desember 2020 um framkvæmd ákvörðunar 2010/788/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, sbr. fylgiskjal 1.17.
- 1.18 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2020/2144 frá 17. desember 2020 um breytingu ákvörðunar 2010/788/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, sbr. fylgiskjal 1.18.
- 1.19 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/1866 frá 22. október 2021 um breytingu ákvörðunar 2010/788/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, sbr. fylgiskjal 1.19.
- 2. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1183/2005 frá 18. júlí 2005 um að leggja á tiltekna, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, fylgiskjal 5.2.
- 2.1. ~~Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1251/2012 frá 20. desember 2012 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tiltekna, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, fylgiskjal 6.~~
- ~~2.2.~~ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 521/2013 frá 6. júní 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tiltekna, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er að aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, fylgiskjal 7.2.1.
- ~~2.3.~~ 2.2 Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 271/2014 frá 17. mars 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tiltekna, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, fylgiskjal 8.2.2.
- ~~2.4.~~ 2.3 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2015/614 frá 20. apríl 2015 um framkvæmd 4. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tiltekna, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, fylgiskjal 9.2.3.
- ~~2.5.~~ 2.4 Reglugerð ráðsins (ESB) ~~nr.~~ 2015/613 frá 20. apríl 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tiltekna, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó og niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 889/2005, fylgiskjal 2.4.
- 2.5 Reglugerð ráðsins (ESB) 2016/1165 frá 18. júlí 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tiltekna, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, fylgiskjal 2.5.
- 2.6 Reglugerð ráðsins (ESB) 2016/2230 frá 12. desember 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tiltekna, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, fylgiskjal 2.6.
- 2.7 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2017/199 frá 6. febrúar 2017 um framkvæmd 5. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tiltekna, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, fylgiskjal 2.7.
- 2.8 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2017/396 frá 7. mars 2017 um framkvæmd 5. mgr. 9. gr.

reglugerðar (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tiltekna, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, fylgiskjal 2.8.

2.9 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2017/904 frá 29. maí 2017 um framkvæmd 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tiltekna, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, fylgiskjal 2.9.

2.10 Reglugerð ráðsins (ESB) 2017/1326 frá 17. júlí 2017 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tiltekna, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, fylgiskjal 2.10.

2.11 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2018/197 frá 9. febrúar 2018 um framkvæmd 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tiltekna, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, sbr. fylgiskjal 2.11.

2.12 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2018/566 frá 12. apríl 2018 um framkvæmd 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tiltekna, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, sbr. fylgiskjal 2.12.

2.13 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2018/1931 frá 10. desember 2018 um framkvæmd 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tiltekna, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, sbr. fylgiskjal 2.13.

2.14 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2019/2101 frá 9. desember 2019 um framkvæmd 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tiltekna, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, sbr. fylgiskjal 2.14.

2.15 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2020/189 frá 12. febrúar 2020 um framkvæmd 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tiltekna, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, sbr. fylgiskjal 2.15.

2.16 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2020/415 frá 19. mars 2020 um framkvæmd 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tiltekna, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, sbr. fylgiskjal 2.16.

2.17 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2020/1507 frá 16. október 2020 um framkvæmd 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tiltekna, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, sbr. fylgiskjal 2.17.

2.18 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2020/2021 frá 10. desember 2020 um framkvæmd 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tiltekna, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, sbr. fylgiskjal 2.18.

2.19 Framkvæmdareglugerð ráðsins (ESB) 2020/2133 frá 17. desember 2020 um framkvæmd 9. gr. í reglugerð (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tiltekna, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, sbr. fylgiskjal 2.19.

2.20 Reglugerð ráðsins (ESB) 2021/1863 frá 22. október 2021 um breytingu reglugerðar (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tiltekna, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, sbr. fylgiskjal 2.20.

2.21 Framkvæmdareglugerð ráðsins (ESB) 2021/2177 frá 9. desember 2021 um framkvæmd 9. gr. í reglugerð (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tiltekna, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, sbr. fylgiskjal 2.21.

2.22 Reglugerð ráðsins (ESB) 2021/2176 frá 9. desember 2021 um breytingu reglugerðar (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tiltekna, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, sbr. fylgiskjal 2.22.

Viðaukar Listar við yfir framangreindar aðila, gerðir hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, sem vísað er til í framangreindum gerðum, eru birtir á frummáli og/eða til þeirra er vísað á vefjum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eða Stjórnartíðinda Evrópusambandsins, eftir því sem við á. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast gildi við birtingu á þeim vefjum

, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Sameiginlegur hergagnalisti Evrópusambandsins, sem vísað er til í framangreindum gerðum, er birtur með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB frá 6. maí 2009 um að einfalda skilmála og skilyrði vegna tilflutnings varnartengdra vara innan Bandalagsins (EES-viðbætur nr. 56, 10. október 2013, bls. 801-836), ásamt síðari breytingum, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2013, 14. júní 2013, og nefnist þar "Skrá yfir varnartengdar vörur". Tilskipunin er innleidd með reglugerð um eftirlit með þjónustu og hlutum sem geta haft hernaðarlega þýðingu nr. 361/2016, ásamt síðari breytingum.

Framangreindar gerðir binda einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir án frekari lögfestingar, eftir því sem við getur átt, þ.m.t. ákvæði um viðskiptabann, landgöngubann og frystingu fjármuna.

Fylgiskjöl 1-1.3 eru birt sem fylgiskjöl 1-4 með reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó nr. 800/2015. Fylgiskjöl 2-2.4 eru birt sem fylgiskjöl 5 og 7-10 við sömu reglugerð.

3. gr.

Aðlögun.

Gerðir skv. 2. gr. skulu aðlagðar með eftirfarandi hætti:

- a. a) ákvæði varðandi ríkisborgara, einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld, opinberar stofnanir, tungumál, yfirráðasvæði eða aðildarríki Evrópusambandsins ("EB", "ESB", "Bandalagsins" eða "sameiginlega markaðarins") eiga við um íslenska ríkisborgara, einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld, opinberar stofnanir, tungumál, yfirráðasvæði eða Ísland, eftir því sem við á,
- b. b) ákvæði um tilkynningar eða skýrslugerðir til aðildarríkja Evrópusambandsins eða stofnana þess gilda ekki. Hið sama á við um ákvæði um gildistöku eða hvenær gerðir skuli koma til framkvæmda, framkvæmda,
- c. c) tilvísanir í gerðir, sem eru hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins), eiga við um þau ákvæði íslensks réttar sem innleiða þær gerðir, eftir því sem við á,
- d. d) tilvísanir í gerðir, sem eru ekki hluti EES-samningsins, eiga við um hliðstæð ákvæði íslensks réttar, eftir því sem við á, þ.m.t. ákvæði tollalaga nr. 88/2005, 2005,
- e. e) tilvísanir í eldri ákvæði um þvingunaraðgerðir Evrópusambandsins eiga við um eldri íslensk ákvæði, eftir því sem við á,
- f. f) vefsetur með upplýsingum um lögbær stjórnvöld á Íslandi er: www.utn.is/thvingunaradgerdir.

4. gr.

Tilkynning.

Birting lista yfir aðila, sem nefndir eru í gerðum skv. 2. gr., skal skoðast sem tilkynning til þeirra um að þær þvingunaraðgerðir sem kveðið er á um í gerðunum beinist gegn þeim og er þeim bent á að þeir geti sótt um vissar undanþágur til utanríkisráðuneytisins eða óskað eftir afskráningu af listum, telji þeir sig ranglega skráða.

5. gr.

Undanþágur frá þvingunaraðgerð.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum, sem gripið hefur verið til, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum. Hann getur m.a. heimilað að efndir séu samningar eða að fullnægt sé öðrum réttindum og skyldum, sem fara í bága við reglugerð þessa en stofnuðust fyrir gildistöku hennar.

6. gr.

Viðurlög.

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal sæta viðurlögum skv. 10. gr. laganna, nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir varðandi alþýðulýðveldið Kongó (Austur-Kongó) nr. 155/2009 og síðari breytingar, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 544/2011 um breyting á reglugerðum nr. 154/2009, 140/2009, 155/2009, 148/2009, 147/2009, 299/2010 og 300/2010 um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir.

- Utanríkisráðuneytinu, 3. júlí 2015. -

- Gunnar Bragi Sveinsson. -

- Stefán Haukur Jóhannesson. -

FYLGISKJAL 1.
ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS 2010/788/SSUÖ
frá 20. desember 2010

um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó
og niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 2008/369/SSUÖ

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 14. maí 2008 samþykkti ráðið sameiginlega afstöðu 2008/369/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó ⁽¹⁾ í framhaldi af samþykki öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hinn 31. mars 2008 á ályktun nr. 1807 (2008) („Ályktun öryggisráðs SP nr. 1807 (2008)“).

2) Hinn 1. desember 2010 breytti framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir, sem var stofnsett samkvæmt ályktun öryggisráðs SP nr. 1533 (2004), skránni yfir einstaklinga og rekstrareiningar sem þvingunaraðgerðir taka til.

3) Ef breyta á viðaukanum við ákvörðun þessa, ætti m.a. að kynna fyrir tilgreindum einstaklingum og rekstrareiningum ástæður fyrir skráningu þeirra á lista til þess að gera þeim kleift að leggja fram athugasemdir. Komi fram athugasemdir eða traust, ný gögn lögð fram, skal ráðið endurskoða ákvörðun sína í ljósi þeirra athugasemda og upplýsa viðkomandi einstakling eða rekstrareiningu um niðurstöðuna.

4) Með ákvörðun þessari eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, nánar tiltekið rétturinn til ávirks úrræðis og sanngjarnra réttarhalda, rétturinn til eignar og rétturinn til verndar persónuupplýsingum. Beita ber ákvæðum ákvörðunar þessarar með hliðsjón af þessum réttindum og meginreglum.

5) Með ákvörðun þessari eru einnig virtar, í einu og öllu, skuldbindingar aðildarríkjanna samkvæmt stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og lagalega bindandi eigindir ályktana öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

6) Sameiginleg afstaða 2008/369/SSUÖ skal því felld úr gildi og ákvörðun þessi koma í hennar stað.

7) Framkvæmdarráðstafanir Evrópusambandsins eru settar fram í reglugerð ráðsins (EB) nr. 889/2005 frá 13. júní 2005 um tilteknar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó ⁽²⁾ og reglugerð ráðsins (EB) nr. 1183/2005 frá 18. júlí 2005 um að leggja á tilteknar, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er að aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó ⁽³⁾,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Lagt er bann við beinni eða óbeinni afhendingu, sölu eða tilfærslu á vopnum og hvers kyns tengdum herbúnaði, þ.m.t. vopn og skotfæri, herfarartæki og -búnaður, búnaður sem ekki er ætlaður ríkisher og varahlutir í fyrrnefnd tól og tæki til nota fyrir rekstrareiningar og einstaklinga sem ekki eru á vegum ríkisins og starfa á yfirráðasvæði Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó, fyrir milligöngu ríkisborgara aðildarríkjanna eða frá yfirráðasvæðum aðildarríkjanna eða með skipum sem sigla undir fána þeirra eða með loftförum þeirra, hvort sem þau eru upprunnin á yfirráðasvæðum þeirra eður ei.

2. Lagt er bann við því:

a) að veita, selja, afhenda eða tilfæra tæknilega aðstoð, miðlunarþjónustu og aðra þjónustu, sem tengist herstarfsemi og framboði, framleiðslu, viðhaldi og notkun vopna og hvers kyns tengds herbúnaðar, þ.m.t. vopn og skotfæri, herökutæki og -búnaður, búnaður sem ekki er ætlaður ríkisher og varahlutir í fyrrnefnd tól og tæki, til handa rekstrareiningum og einstaklingum sem ekki eru á vegum ríkisins og starfa á yfirráðasvæði Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó, með beinum eða óbeinum hætti,

b) að útvega eða veita rekstrareiningum og einstaklingum, sem starfa á yfirráðasvæði Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsaðstoð, sem tengist herstarfsemi, þ.m.t. einkum styrkir, lán og útflutningsgreiðsluvátryggingar vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings á vopnum og tengdum herbúnaði eða vegna veitingar, sölu, afhendingar eða tilfærslu tengdrar tæknilegrar aðstoðar, miðlunarþjónustu og annarrar þjónustu.

2. gr.

1. Ákvæði 1. gr. gilda ekki um:

a) afhendingu, sölu eða tilfærslu vopna og tengds herbúnaðar eða veitingu tæknilegrar aðstoðar, fjármagns, miðlunarþjónustu og annarrar þjónustu sem tengist vopnum og tengdum herbúnaði og eingöngu eru ætluð sem stuðningur við, eða til notkunar fyrir, sendinefnd Sameinuðu þjóðanna á sviði skipulagsmála í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó (MONUC),

b) afhendingu, sölu eða tilfærslu á hlífðarfatnaði, þ.m.t. brakheldir jakkar og herhjálmar, sem starfsfólk SP, fulltrúar fjölmiðla og starfsmenn hjálpar- og þróunarstofnana og tengt starfslið hefur tímabundið flutt út til Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó, eingöngu til eigin nota.

c) afhendingu, sölu eða tilfærslu á óbanvænum herbúnaði, sem einungis er til nota í mannúðar- eða verndarskyni, eða veitingu tæknilegrar aðstoðar og þjálfunar sem tengist slíkum óbanvænum búnaði.

2. Afhending, sala eða tilfærsla á vopnum og tengdum herbúnaði eða veiting þjónustu eða tæknilegrar aðstoðar og þjálfunar, sem um getur í 1. mgr., skal vera háð fyrirframleyfi frá lögbærum stjórnvöldum í aðildarríkjunum.

3. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir, sem var komið á fót samkvæmt ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1533 (2004), fyrirfram um alla flutninga vopna og tengds herbúnaðar fyrir Lýðstjórnarlýðveldið Kongó eða um hvers kyns veitingu tæknilegrar aðstoðar, fjármagns, miðlunarþjónustu og annarrar þjónustu sem tengist herstarfsemi í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, að undanskildum þeim atriðum er um getur í a- og b-lið 1. mgr. Í þessum tilkynningum komi fram öll viðeigandi vitneskja, þ.m.t., þar sem það á við, um hver endanlegur notandi er, fyrirhugaðan afhendingardag og ferðaáætlun sendingar.

4. Aðildarríki skulu taka afstöðu til afgreiðslu skv. 1. mgr. í hverju tilviki fyrir sig og taka fullt tillit til þeirra viðmiðana sem settar eru fram í sameiginlegri afstöðu ráðsins 2008/944/SSUÖ frá 8. desember 2008 um skilgreiningu almennra reglna um eftirlit með útflutningi hertækni og herbúnaðar ⁽⁴⁾. Aðildarríkin skulu krefjast öruggar tryggingar fyrir því að heimildir, sem eru veittar skv. 2. mgr., séu ekki misnotaðar og gera ráðstafanir um heimsendingu afhentra vopna og tengds herbúnaðar, þar sem það á við.

3. gr.

Beina skal þvingunaraðgerðum, sbr. ákvæði 1. mgr. 4. gr. og 1. og 2. mgr. 5. gr., gegn eftirtöldum einstaklingum og, eftir því sem við á, rekstrareiningum sem framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hefur tilgreint:

– einstaklingum eða rekstrareiningum sem hafa brotið gegn vopnasölubanninu og tengdum ráðstöfunum er um getur í 1. gr.,

– pólitískum leiðtogum og herforingjum erlendra vopnaðra hópa sem starfa innan Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó og koma í veg fyrir afvopnun og að stríðsmenn, sem tilheyra þeim hópum, séu sendir heim eða taki sér bólfestu á ný, ótilneyddir,

– pólitískum leiðtogum og herforingjum kongóskra hersveita óbreyttra borgara, sem fá stuðning utan Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó, þ.e. leiðtogum og herforingjum sem koma í veg fyrir að stríðsmenn þeirra taki þátt í afvopnun, afléttingu hernaðarástands og enduraðlögun,

– pólitískum leiðtogum og herforingjum sem starfa innan Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó og taka börn í þjónustu sína eða nota í vopnuðum átökum og brjóta þannig gegn gildandi reglum þjóðaréttar,

– einstaklingum sem starfa í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó og brjóta með alvarlegum hætti gegn reglum þjóðaréttar, m.a. með því að beina aðgerðum sínum gegn börnum eða konum í vopnuðum átökum, nefna má manndráp og lemstrun, kynferðislegt ofbeldi og nauðungarflutninga,

– einstaklingum sem hindra aðgang að eða dreifingu mannúðaraðstoðar í austurhluta Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó,

– einstaklingum eða rekstrareiningum sem styðja ólöglega, vopnaða hópa í austurhluta Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó með ólöglegri verslun með náttúruauðlindir.

Hlutaðeigandi einstaklingar og rekstrareiningar eru talin upp í viðaukanum.

4. gr.

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir þeir einstaklingar er um getur í 3. gr. komi inn á yfirráðasvæði þeirra eða fari þar í gegn.

2. Ákvæði 1. mgr. skuldbinda aðildarríki ekki til að meina eigin ríkisborgurum að koma inn á yfirráðasvæði þess.

3. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir:

a) ákveður, fyrirfram og í hverju tilviki fyrir sig, að fyrrnefnd koma eða gegnumferð sé réttlæt看anleg af ríkum mannúðarástæðum, þ.m.t. trúarlegar skyldur,

b) telur að undanþága myndi stuðla að því að ná markmiðum viðkomandi ályktana öryggisráðs SP, þ.e. um frið og þjóðarsátt í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó og stöðugleika á svæðinu,

c) heimilar, fyrirfram og í hverju tilviki fyrir sig, gegnumferð einstaklinga sem eru á leið aftur inn á yfirráðasvæði þess ríkis þar sem þeir hafa ríkisfang eða sem eiga aðild að viðleitni til að leiða þá fyrir rétt sem brjóta gróflega gegn mannréttindum eða reglum alþjóðlegs mannréttar.

4. Í þeim tilvikum skv. 3. mgr. þegar aðildarríki heimilar komu einstaklinga, sem framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hefur tilgreint, inn á yfirráðasvæði sitt eða för þeirra gegnum það, skal heimildin takmörkuð við þann tilgang sem hún er veitt í og hlutaðeigandi einstaklinga.

5. gr.

1. Frysta ber alla fjármuni, aðra en fjáreignir og efnahagslegan auð sem eru, með beinum eða óbeinum hætti, í eigu eða undir stjórn einstaklinga eða rekstrareininga er um getur í 3. gr. eða eru, með beinum eða óbeinum hætti, í vörslu rekstrareininga sem eru í eigu eða undir yfirráðum þeirra eða hvaða einstaklinga eða rekstrareininga sem er sem vinna fyrir þá eða undir stjórn þeirra, sbr. þá aðila sem tilgreindir eru í viðaukanum.

2. Enga fjármuni, aðrar fjáreignir eða efnahagslegan auð skal gera, með beinum eða óbeinum hætti, aðgengilegan þeim einstaklingum eða rekstrareiningum er um getur í 1. mgr. eða þeim til hagsbóta.

3. Aðildarríki geta gert undanþágur frá þeim aðgerðum er um getur í 1. og 2. mgr., að því er varðar fjármuni, aðrar fjáreignir og efnahagslegan auð sem eru:

a) nauðsynleg vegna grunnútgjalda, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og læknismedferðar, skattheimtu, váttryggingariðgjalda og gjalda til opinberra þjónustustofnana,

b) eingöngu ætluð til að greiða hæfilega sérfræðiþóknun og til endurgreiðslu á kostnaði sem stofnað er til vegna lögfræðiþjónustu,

c) eingöngu ætluð til að greiða þóknun eða þjónustugjöld, samkvæmt landslögum, fyrir venjubundna vörslu eða viðhald frystra fjármuna, annarra fjáreigna og efnahagslegs auðs,

d) nauðsynleg vegna óvenjulegra útgjalda, að fram kominni tilkynningu hlutaðeigandi aðildarríkis til framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir og að fengnu samþykki hennar,

e) andlag veðsetningar eða úrskurðar dómstóls, stjórnarsýslustofnunar eða gerðardóms, þegar undanþágan kveður á um að nota megi fjármunina, aðrar fjáreignir og hinn efnahagslega auð til þess að uppfylla skilyrði veðsetningarinnar eða fullnægja úrskurðinum, að því tilskildu að veðsetningin eða úrskurðurinn hafi verið skráður áður en framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir tilgreindi viðkomandi einstakling eða rekstrareiningu og sé ekki til hagsbóta fyrir einstakling eða rekstrareiningu er um getur í 3. gr., eftir að hlutaðeigandi aðildarríki hefur sent framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir tilkynningu þessu viðvíkjandi.

4. Þær undanþágur er um getur í a-, b- og c-lið 3. mgr. má gera eftir að hlutaðeigandi aðildarríki hefur tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um þá fyrirætlan að heimila, þar sem það á við, aðgengi að fyrrnefndum fjármunum, öðrum fjáreignum eða efnahagslegum auði og hafni framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir því ekki innan fjögurra virkra daga frá tilkynningunni.

5. Ákvæði 2. mgr. gildir ekki þegar eftirfarandi er lagt inn á frysta reikninga:

a) vextir eða aðrar tekjur af fyrrnefndum reikningum eða

b) greiðslur samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum sem gengið var frá eða urðu til fyrir þann dag þegar reikningarnir urðu andlag þvingunaraðgerða,

að því tilskildu að slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur verði áfram háð ákvæði 1. mgr.

6. gr.

Ráðið skal breyta listanum í viðaukanum á grundvelli ákvarðana öryggisráðs SP eða framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir.

7. gr.

1. Setji öryggisráð Sameinuðu þjóðanna eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir einstakling eða rekstrareiningu á lista skal ráðið fella slíkan einstakling eða rekstrareiningu inn í viðaukann. Ráðið skal tilkynna ákvörðun sína, m.a. ástæður þess að viðkomandi er færður á lista, hlutaðeigandi einstaklingi eða rekstrareiningu, annaðhvort milliliðalaust, ef heimilisfang viðkomandi er þekkt, eða með útgáfu tilkynningar, þar sem fyrrnefndum einstaklingi eða rekstrareiningu býðst að leggja fram athugasemdir sínar.

2. Ef athugasemdir eru gerðar eða traust, ný gögn lögð fram, skal ráðið endurskoða ákvörðun sína og upplýsa hlutaðeigandi einstakling eða rekstrareiningu um niðurstöðuna.

8. gr.

1. Í viðaukanum komi fram rökstuðningur öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eða framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir sem varð til þess að þeir einstaklingar og rekstrareiningar sem eru á listanum voru færðir á hann.

2. Í viðaukanum skulu og koma fram upplýsingar, þar sem þær liggja fyrir, sem öryggisráð SP eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir láta í té og nauðsynlegar eru til þess að bera kennsl á hlutaðeigandi einstaklinga eða rekstrareiningar. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra, m.a. tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, þjóðerni, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er varðar rekstrareiningar geta þessar upplýsingar verið, m.a. nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð. Í viðaukanum skal einnig koma fram hvaða dag öryggisráð SP eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir tilgreindi viðkomandi.

9. gr.

Endurskoða ber ákvörðun þessa, breyta henni eða fella hana úr gildi, eftir því sem við á, samkvæmt viðeigandi ákvörðunum öryggisráðs SP.

10. gr.

Sameiginleg afstaða 2008/369/SSUÖ er hér með felld úr gildi.

11. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann dag sem hún er samþykkt.

Gjört í Brussel 20. desember 2010.

Fyrir hönd ráðsins,
J. SCHAUVLIEGE
forseti.

(1) Stjttíð. ESB L 127, 15.5.2008, bls. 84.

(2) Stjttíð. ESB L 152, 15.6.2005, bls. 1.

(3) Stjttíð. ESB L 193, 23.7.2005, bls. 1.

(4) Stjttíð. ESB L 335, 13.12.2008, bls. 99.

VIÐAUKI

Sjá nú viðauka við framkvæmdareglugerð ráðsins (ESB) 2015/614, sbr. fylgiskjal 9 við reglugerð þessa.

FYLGISKJAL 2.
ÁKVÖRDUN RÁÐSINS 2012/811/SSUÖ

frá 20. desember 2012
um breytingu á ákvörðun 2010/788/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn
Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 20. desember 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/788/SSUÖ ⁽¹⁾ um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó.

2) Með ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 2078 (2012) frá 28. nóvember 2012 var viðmiðunum breytt vegna tilgreiningar einstaklinga og rekstrareininga sem þær þvingunaraðgerðir sem settar eru fram í 9. og 11. mgr. ályktunar öryggisráðs SP 1807 (2008) skulu taka til.

3) Með ályktun öryggisráðs SP 2078 (2012) var einnig bætt við frekari undanþágu frá þeim aðgerðum sem settar voru fram í 9. mgr. ályktunar öryggisráðs SP 1807 (2008).

4) Hinn 12. og 30. nóvember 2012 bætti framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir, sem var sett á stofn samkvæmt ályktun öryggisráðs SP 1533 (2004), fleiri einstaklingum á listann yfir einstaklinga og rekstrareiningar sem þvingunaraðgerðir taka til.

5) Breyta ber ákvörðun 2010/788/SSUÖ til samræmis við það,
SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á ákvörðun 2010/788/SSUÖ:

1) Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.

Beina skal þvingunaraðgerðum, sbr. ákvæði 1. mgr. 4. gr. og 1. og 2. mgr. 5. gr., gegn eftirtöldum einstaklingum og, eftir því sem við á, rekstrareiningum sem framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hefur tilgreint:

— einstaklingum eða rekstrareiningum sem hafa brotið gegn vopnasölubanninu og tengdum ráðstöfunum er um getur í 1. gr.,

— pólitískum leiðtogum og herforingjum erlendra vopnaðra hópá sem starfa innan Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó og koma í veg fyrir afvopnun og að stríðsmenn, sem tilheyra þeim hópum, séu sendir heim eða taki sér bólfestu á ný, ótilneyddir,

— pólitískum leiðtogum og herforingjum kongóskra hersveita óbreyttra borgara, sem fá stuðning utan Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó, þ.e. leiðtogum og herforingjum sem koma í veg fyrir að stríðsmenn þeirra taki þátt í afvopnun, afléttingu hernaðarástands og enduraðlögun,

— pólitískum leiðtogum og herforingjum sem starfa innan Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó og taka börn í þjónustu sína eða nota í vopnuðum átökum og brjóta þannig gegn gildandi reglum þjóðaréttar,

— einstaklingum eða rekstrareiningum sem starfa í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó og gera sig seka um alvarleg brot, m.a. með því að beina aðgerðum sínum gegn börnum eða konum í vopnuðum átökum, nefna má manndráp og lemstrun, kynferðislegt ofbeldi og nauðungarflutninga,

— einstaklingum eða rekstrareiningum sem hindra aðgang að eða dreifingu mannúðaraðstoðar í austurhluta Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó,

— einstaklingum eða rekstrareiningum sem styðja ólöglega, vopnaða hópá í austurhluta Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó með ólöglegri verslun með náttúruauðlindir, m.a. gull,

— einstaklingum eða rekstrareiningum sem starfa á vegum eða eftir fyrirmælum tilgreinds einstaklings eða rekstrareiningar sem er í eigu eða lýtur yfirráðum tilgreinds einstaklings,

— einstaklingum eða rekstrareiningum sem skipuleggja, hvetja til eða taka þátt í árásum á friðargæsluliða á vegum skipulagsverkefnis Sameinuðu þjóðanna um stöðugleika í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó (MONUSCO).

Viðkomandi einstaklingar og rekstrareiningar eru talin upp í viðaukanum.“

2) Eftirfarandi setning bætist við á eftir c-lið í 3. mgr. 4. gr.:

„eða þegar koma eða gegnumferð af því tagi er nauðsynleg til þess að meðferð dómstóla geti farið fram.“

2. gr.

Bæta skal þeim einstaklingum sem eru taldir upp í viðaukanum við ákvörðun þessa við listann yfir einstaklinga sem er settur fram í viðaukanum við ákvörðun 2010/788/SSUÖ.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann dag sem hún er birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.
Gjört í Brussel 20. desember 2012.

Fyrir hönd ráðsins
E. FLOURENTZOU
forseti.

(¹) Stjtið. ESB L 336, 21.12.2010, bls. 30.

VIÐAUKI

Aðilar sem um getur í 2. gr.

Sjá nú viðauka við framkvæmdareglugerð ráðsins (ESB) 2015/614, sbr. fylgiskjal 9 við reglugerð þessa.

FYLGISKJAL 3.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS 2014/147/SSUÖ

frá 17. mars 2014

um breytingu á ákvörðun 2010/788/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 20. desember 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/788/SSUÖ ([1](#)).

2) Hinn 30. janúar 2014 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna (UNSC) ályktun nr. 2136 (2014) um Lýðstjórnarlýðveldið Kongó. Í þeirri ályktun er kveðið á um viðbótarundanþágu frá aðgerðum varðandi vopn og tengd hergögn og viðmiðunum vegna tilgreiningar breytt með tilliti til ferðatakmarkana og frystingar fjármuna, sem komið var á með ályktun öryggisráðs SP nr. 1807 (2008) frá 31. mars. 2008.

3) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.

4) Því ætti að breyta ákvörðun 2010/788/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2010/788/SSUÖ er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr. 2. gr.:

„d) afhendingu, sölu eða tilfærslu vopna og tengdra hergagna eða veitingu tengdrar fjárhagslegrar eða tæknilegrar aðstoðar eða þjálfunar sem er eingöngu ætluð til stuðnings eða notkunar fyrir svæðisbundna aðgerðasveit Afrikusambandsins.“

2) Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.

Beina skal þvingunaraðgerðum, sbr. ákvæði 1. mgr. 4. gr. og 1. og 2. mgr. 5. gr., gegn eftirtöldum aðilum og, eftir því sem við á, rekstrareiningum sem framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hefur tilgreint:

– einstaklingum eða rekstrareiningum sem hafa brotið gegn vopnasölubanninu og tengdum ráðstöfunum er um getur í 1. gr.,

– pólitískum leiðtogum og herforingjum erlendra vopnaðra hópna sem starfa innan Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó og koma í veg fyrir afvopnun og að stríðsmenn, sem tilheyra þeim hópum, séu sendir heim eða taki sér bólfestu á ný, ótilneyddir,

– pólitískum leiðtogum og herforingjum kongóskra hersveita óbreyttra borgara, þ.m.t. þeim sem fá stuðning utan Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó, sem koma í veg fyrir að stríðsmenn þeirra taki þátt í afvopnun, afléttingu

- einstaklingum eða rekstrareiningum sem starfa í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó og taka börn í þjónustu sína eða nota þau í vopnuðum átökum og brjóta þannig gegn gildandi reglum þjóðaréttar,
 - einstaklingum eða rekstrareiningum sem starfa í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó og eiga aðild að því að skipuleggja, stjórna eða taka þátt í aðgerðum gegn börnum eða konum í vopnuðum átökum, þ.m.t. manndráp og lemstrun, nauðgun og annað kynferðislegt ofbeldi, brottám, nauðungarflutningar, og árásir á skóla og sjúkrahús,
 - einstaklingum eða rekstrareiningum sem hindra aðgang að mannúðaraðstoð eða dreifingu hennar í Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó,
 - einstaklingum eða rekstrareiningum sem styðja vopnaða hópa í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó með ólöglegri verslun með náttúruauðlindir, þ.m.t. gull eða villt dýr auk afurða af villtum dýrum,
 - einstaklingum eða rekstrareiningum sem starfa á vegum eða eftir fyrirmælum tilgreinds einstaklings eða rekstrareiningar, eða sem starfa á vegum eða eftir fyrirmælum rekstrareiningar sem er í eigu eða lýtur yfirráðum tilgreinds einstaklings eða rekstrareiningar,
 - einstaklingum eða rekstrareiningum, sem skipuleggja, stjórna, styðja eða taka þátt í árásum á friðargæsluliða á vegum skipulagsverkefnis Sameinuðu þjóðanna um stöðugleika í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó (MONUSCO),
 - einstaklingum eða rekstrareiningum sem veita tilgreindum einstaklingi eða rekstrareiningu fjárhagslegan, efnislegan eða tæknilegan stuðning, útvega honum vörur eða þjónustu, eða veita annan stuðning.
- Viðkomandi aðilar og rekstrareiningar eru talin upp í viðaukanum.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 17. mars 2014.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

C. ASHTON

[\(1\)](#) Ákvörðun ráðsins 2010/788/SSUÖ frá 20. desember 2010 um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó og niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 2008/369/SSUÖ ([Stjtið. ESB L 336, 21.12.2010, bls 30](#)).

FYLGISKJAL 4.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2015/620

frá 20. apríl 2015

um breytingu á ákvörðun 2010/788/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó
RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 20. desember 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/788/SSUÖ [\(1\)](#).

2) Hinn 29. janúar 2015 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2198 (2015) um Lýðstjórnarlýðveldið Kongó. Í þeirri ályktun er kveðið á um tiltekna breytingar á tilgreiningarviðmiðunum að því er varðar ferðatakmörkanir og frýstingu fjármuna sem komið var á með ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1807 (2008).

3) Hinn 5. febrúar 2015 gaf nefnd öryggisráðsins, sem var stofnsett samkvæmt ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1533 (2004) um Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, út uppfærðan lista yfir einstaklinga og rekstrareiningar sem þvingunaraðgerðir taka til.

4) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda þessum breytingum í framkvæmd.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2010/788/SSUÖ er breytt sem hér segir:

1) Í stað a-liðar 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„a) afhendingu, sölu eða tilfærslu vopna og tengds herbúnaðar eða veitingu tæknilegrar aðstoðar, fjármagns, miðlunarþjónustu og annarrar þjónustu sem tengist vopnum og tengdum herbúnaði og eingöngu eru ætluð sem stuðningur við, eða til notkunar fyrir, sendisveit Sameinuðu þjóðanna um stöðugleika í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó (MONUSCO),“

2) Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.

Beina skal þvingunaraðgerðum, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr. og 1. og 2. mgr. 5. gr., gegn aðilum og rekstrareiningum sem framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hefur tilgreint fyrir að taka þátt í eða styðja aðgerðir sem ógna friði, stöðugleika og öryggi í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó. Meðal slíkra aðgerða eru:

a) að brjóta gegn vopnasölubanninu og tengdum ráðstöfunum er um getur í 1. gr.,

b) að vera pólitískir leiðtogar og herforingjar erlendra vopnaðra hópa sem starfa innan Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó og koma í veg fyrir afvopnun og að stríðsmenn, sem tilheyra þeim hópum, séu sendir heim eða taki sér bólfestu á ný, ótilneyddir,

c) að vera pólitískir leiðtogar og herforingjar kongóskra hersveita óbreyttra borgara, þ.m.t. þeirra sem fá stuðning utan Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó, sem koma í veg fyrir að stríðsmenn þeirra taki þátt í afvopnun, afléttingu hernaðarástands og enduraðlögun,

d) að taka börn í þjónustu sína eða nota í vopnuðum átökum í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó og brjóta þannig gegn gildandi reglum þjóðaréttar,

e) að eiga aðild að því að skipuleggja, stjórna eða taka þátt í aðgerðum gegn börnum eða konum í vopnuðum átökum, þ.m.t. manndráp og lemstrun, nauðgun og annað kynferðislegt ofbeldi, brottnám, nauðungarflutningar, og árásir á skóla og sjúkrahús,

f) að hindra aðgang að mannúðaraðstoð eða dreifingu hennar í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó,

g) að styðja einstaklinga eða rekstrareiningar, þ.m.t. vopnaða hópa sem taka þátt í starfsemi sem grefur undan stöðugleika í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó með ólöglegri verslun með náttúruauðlindir, þ.m.t. gull eða villt dýr auk afurða af villtum dýrum,

h) að starfa á vegum eða eftir fyrirmælum tilgreinds einstaklings eða rekstrareiningar, eða starfa á vegum eða eftir fyrirmælum rekstrareiningar sem er í eigu eða lýtur yfirráðum tilgreinds einstaklings eða rekstrareiningar,

i) að skipuleggja, stjórna, vera bakhjarl eða þátttakandi í árásum gegn friðargæsluliðum MONUSCO eða starfsfólki SP,

j) að veita tilgreindum einstaklingi eða rekstrareiningu fjárhagslegan, efnislegan eða tæknilegan stuðning, útvega honum vörur eða þjónustu.

Viðkomandi aðilar og rekstrareiningar eru taldir upp í viðaukanum.“

2. gr.

Í stað viðaukans við ákvörðun 2010/788/EB komi textinn í viðaukanum við þessa ákvörðun.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Lúxemborg 20. apríl 2015.

Fyrir hönd ráðsins,

F. MOGHERINI

forseti.

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2010/788/SSUÖ frá 20. desember 2010 um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó og niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 2008/369/SSUÖ ([Stjóð. ESB L 336, 21.12.2010, bls. 30](#)).

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Sjá nú viðauka við framkvæmdareglugerð ráðsins (ESB) 2015/614, sbr. fylgiskjal 9 við reglugerð þessa.“

FYLGISKJAL 5.
REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1183/2005
frá 18. júlí 2005

**um að leggja á tilteknar, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta
vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 60., 301. og 308. gr.,

með hliðsjón af sameiginlegri afstöðu 2005/440/SSUÖ frá 13. júní 2005 um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó ⁽¹⁾,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ljósi áframhaldandi ólöglegs flæðis vopna innan og inn til Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó hefur öryggisráð Sameinuðu þjóðanna, í samræmi við ákvæði VII. kafla stofnskrár Sameinuðu þjóðanna, samþykkt ályktun nr. 1596 (2005) frá 18. apríl 2005 sem, meðal annars, kveður á um fjárhagslegar þvingunaraðgerðir gegn aðilum sem hin lögbæra framkvæmdanefnd Sameinuðu þjóðanna um þvingunaraðgerðir hefur bent á að brjóti gegn vopnasölubanninu sem lagt er á Lýðstjórnarlýðveldið Kongó með ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1493 (2003) og 1596 (2005).

2) Í sameiginlegri afstöðu 2005/440/SSUÖ er m.a. kveðið á um framkvæmd fjárhagslegra þvingunaraðgerða gegn aðilum sem hin lögbæra framkvæmdanefnd Sameinuðu þjóðanna um þvingunaraðgerðir hefur bent á. Fyrirnefndar aðgerðir falla undir gildissvið sáttmálans. Til þess að komast hjá röskun á samkeppni eru ráðstafanir Evrópubandalagsins því nauðsynlegar til þess að framkvæma áður nefnt bann að því er Evrópubandalagið varðar. Að því er reglugerð þessa varðar skal líta svo á að yfirráðasvæði Evrópubandalagsins sé þau yfirráðasvæði aðildarríkjanna sem sáttmálinn tekur til samkvæmt þeim skilyrðum sem sáttmálinn mælir fyrir um.

